

233. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 19. mars 2008 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Berglind Axelsdóttir, BA
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 435, dags. 13.03.2008.

Fundargerð framlögð.

Fundargerðir nefnda

Liður 1 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar (104. fundur), dags. 11.03.2008.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 byggingarleyfi. Aðalgata 35, sjálfafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja.

Teiknistofan Tröð/ Sigríður Magnúsdóttir kt. 260362 6589 sækir um leyfi f.h. Atlandsolíu ehf, kt. 590602-3610 að reisa sjálfafgreiðslustöð fyrir eldsneyti ökutækja á lóð nr. 35 við Aðalgötu samkvæmt teikningum dags. 13.02. 2008.

Samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 4 byggingarleyfi. Laufásvegur 1, hurðarop og gluggi á norðurhlið hússins. Steffen Iwersen/ Einrúm ehf arkitektar, sækja um f.h. Grétu Sigurðardóttur kt. 170547-7999, að breyta núverandi kjallarahurð í glugga og gera nýtt op fyrir hurð norðan megin á kjallara hússins að Laufásvegi nr. 1.

Erindi samþykkt.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 5 Hamraendi 3, mhl. 01 0107.

F.h. Friðborgar ehf/ Valentínus Guðnason kt. 100260 3959 sækir um að byggja milliloft í bil 010107 að Hamraendum nr. 3, sbr. teikningu frá Verkfræðistofu EK, dags. mars 2008.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Elísabet sat hjá vegna tengsla.

Liður 6 erindi vísað til skipulags- og bygginganefndar af bæjarráðsfundi dags. 14.02.2008, um niðurfellingu á lóð.

Bæjarráð vísar til umsagnar nefndarinnar tillögu Berglindar Axelsdóttur um að lóðin Sundabakki 6 verði tekin út af deiliskipulagi og breytt í opið svæði.

Nefndin leggur til að lóðin verði áfram á deiliskipulagi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Bæjarráð samþykkir að lóðin að Sundabakka 6 verði ekki til úthlutunar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 8 reiðstígar og merkingar þeirra.

Edda Sóley Kristmannsdóttir f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms óskar eftir að settar verði upp reiðstígamerkingar við reiðstíga sbr. gildandi Aðalskipulag 2002- 2024, og bréf dags. 11.03.2008.

Nefndin leggur til að komið verði upp viðeigandi merkingum við reiðstíga.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,ÓG,DS,ELB,EF og GDP

Liður 9 gervihnattamóttakara að Hafnargötu 1.

Ingveldur Eyþórsdóttir sækir um að setja upp gervihnattamóttakara á skjólvegg sem stendur uppi á svölum hússins sbr. bréf og myndir móttekið 11.03.2008.

Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki húseigenda.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Fundargerð staðfest.

Liður 2 Fundargerð fræðslunefndar (90. fundur), dags. 10.03.2008.

Fundargerð framlögð. **Liður 2** samþykkt að sumarlokun Leikskólans verði 4 vikur sumarið 2008. Bæjarráð tekur undir að gerð sé könnun um vilja foreldra varðandi sumarlokun í Leikskólanum árið 2009. Fundargerð staðfest.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Liður 17 bréf Sýslumanns Snæfellinga varðandi umsögn um leyfi (Mund hf.) til að reka gististað að Laufásvegi 33, dags. 10.03.2008.

Laufásvegur 33 er á svæði deiliskipulögðu fyrir íbúðabyggð. Það samræmis því ekki deiliskipulagi að heimila atvinnurekstur í íbúðinni. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,DS og GDP

Liður 18 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði:

<http://www.althingi.is/altext/135/s/pdf/0688.pdf>, dags. 11.03.2008.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir varðandi frumvarp á breytingum á lögum á auðlinda-og orkusviði.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 19 bréf umhverfisnefndar Alþingis og þrjú frumvörp til umsagnar.

Skipulagslög: www.althingi.is/altext/135/s/0616.html

Mannvirki: www.althingi.is/altext/135/s/0617.html

Brunavarnir: www.althingi.is/altext/135/s/0618.html

Samþykkt að vísa frumvörpum til skoðunar og umsagnar í skipulags-og bygginganefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,BA og GDP

Liður 20 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi umsögn um frumvarp til laga um frístundabyggð, dags. 25.02.2008.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við frumvarp til laga um frístundabyggð.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 21 bréf umhverfisnefndar Alþingis varðandi frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (rafeindatækjaúrgangs):

www.althingi.is/altext/135/s/0522.html, dags. 18.02.2008.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (rafeindatækjaúrgangs).

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Erindi til afgreiðslu.

Liður 22 Erindisbréf Framkvæmdaráðs Sæfellsness, dags. 22.02.2008.

Erindisbréf samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 23 Framkvæmdaáætlun Framkvæmdaráðs Snæfellsness dags. 22.02.2008.

Framkvæmdaáætlun framlögð og vísað til bæjarstjórnar. Bæjarstjóri hafi samráð við hin sveitarfélögin í verkefninu.

Framkvæmdaáætlun Framkvæmdaráðs Snæfellsess samþykkt með eftirtöldum breytingum.

Bls. 15. atriði 4.3.1 og 4.3.2 breyta í “Mælast til að úttekt verði gerð”

Bls. 27, atriði 4.9.2. [Ártali verði breytt úr 2008 í 2012.](#)

Bls. 27, atriði 4.9.3. [Ártali verði breytt úr 2010 í 2012.](#)

Til máls tóku: EF,DS og GDP

Liður 24 tillögur Stefáns Gíslasonar um framtíð Green Globe, dags. 22.02.2008.

Tillögur Stefáns Gíslasonar framlagðar, bæjarstjóra falið að ræða við

oddvita og bæjarstjóra sem taka þátt í Green Globe verkefninu á Snæfellsnesi um tillögur Stefáns.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 26 tilnefning í Þjóðhátíðarnefnd 2008.

Í Þjóðhátíðarnefnd 2008 eru tilnefndir:

Aðalmenn:

Steinunn Helgadóttir, formaður

Eydís Eypórsdóttir

Róbert Árni Jørgensen

Kjartan Guðmundsson

Ólafur Þorvaldsson

Varamenn:

Ægir Jóhannsson

Arna Sædal Andrésdóttir

Guðni Heiðar Valentínusson

Erna Rut Kristjánsdóttir

Hafdís Björgvinsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:BA,LÁH,DS og GDP

Styrkbeiðnir.

Liður 27 bréf Eyglóar B. Jónsdóttur f.h. Snæfellsness samstarfsins varðandi styrkbeiðni, dags. 03.03.2008.

Bæjarráð fagnar auknu samstarfi ungmannafélaga á Snæfellsnesi í knattspyrnu.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni og vísar til styrkveitingar sveitarfélaga til HSH í gegnum Héraðsnefnd Snæfellinga.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

Til máls tóku:LÁH,DS og GDP

Samningar/tilboð.

Liður 28 samningur umhverfisráðuneytis varðandi samning Náttúrustofu Vesturlands og umhverfisráðuneytis, dags. 07.03.2008.

Samningur framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:LÁH og GDP

Liður 29 samningur við Skipavík um úthlutun lóða í Víkurhverfi.

Samningur við Skipavík hf. Um úthlutun lóða í Víkurhverfi framlagður og staðfestur.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest, Davíð sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku:LÁH og GDP

Liður 30 drög að samningi um gagnkvæma aðstoð slökkviliða.

Drög að samningi um gagnkvæma aðstoð slökkviliða: Stykkishólms og nágrennis, Grundarfjarðar, Snæfellsbæjar, Búðardals, Reykhóla og Borgarbyggðar framlagður og drög samnings samþykkt með fyrirvara um framsetningu á texta.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:DS og GDP

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,DS,EF,BA og GDP

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 11.03.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fræðslunefnd, dags. 10.03.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.3. Stjórn Dvalarheimilis, dags. 04.03.2008.

Fundargerð framlögð og staðfest.

2.4. Umhverfisnefnd, dags. 25.02.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 25.02.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6. Stýrihópur um stækkun grunnskóla og tónlistarskóla ásamt skólastjórnendum, dags. 25.02.2008.

Fundargerð framlögð og staðfest.

3. Lántaka fyrir árið 2008, 110 milljónir kr.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 110.000.000 kr. með 5,35% vöxtum til 26 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir í miðbæ Stykkishólms, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út,

og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til máls tóku:EF,DS,LÁH og GDP

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:20

Þór Örn Jónsson